

1871.

3. júlí.

að Kvennabrekkusókn hér eptir verði lögð sum til Sauðafells sóknar og sum til Stórvatnshorns sóknar, þannig, að jarðirnar Þorsteinstaðir ytri, Þorsteinstaðir fremri, Kaldakinn, Skógsmúli og Vatn skuli heyra til hinnar síðar nefndu sóknar, en hinn hlutinn af Kvennabrekkusókn til Sauðafellssóknar,

að hér eptir skuli halda guðsþjónustugjörð á víxl þriðja hvern helgan dag á Stórvatnshorni, Sauðafelli og Snóksdal, og að það skuli falið stíptsyfirvöldunum á Íslandi á hendur, að gjöra þær ráðstafanir, sem þarf til þess að koma þessu fram.

Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það.

65. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptsyfirvaldaanna á Íslandi, um sameining Saurbæjar í Eyjafirði við Miklagarð og Hóla.

4. júlí.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stíptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 11. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á:

að sameina megi Miklagarðs og Hóla sóknir í Eyjafjardarsýslu í norður- og austurumdæminu við Saurbæjar prestakall,

að leggja lénsgjörðina Velli, sem fylgir Saurbæjarbrauði, til Miðgarða prestakalls í Grimsey, og að presturinn í hinu sameinaða Saurbæjar- Miklagarðs- og Hólabrauði greiði sex fjórðunga (60 pund) af smjöri á ári til sóknarprestsins í Grimsey; skal prófasturinn í Eyjafjardarsýslu heimta gjald þetta, og hafa jafnframt byggingarráð og umsjón yfir jörðunni Völlum,

að hið sameinaða Saurbæjar- Miklagarðs- og Hólabrauð skuli, þangað til nýtt brauðamat fer fram á Íslandi, talið með betri meðalbrauðum (2. flokki) og metið 618 rd. 62 sk., og skal til ekkjunnar í brauðinu greiða $\frac{1}{10}$ part af hinum föstu tekjum

1871.

4. júlí.

kallsins, auk tillags til uppgjafapresta og prestekna samkvæmt tilsk. 15. desbr. 1865, 7. gr., að Grímseyjarprestakall skuli metið 202 rd. 49 Sk., og að hér á eptir verði haldin guðspjónustugjörð á víxl þriðja hvern helgan dag í Saurbæjar, Miklagarðs og Hóla kirkjum. Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þær ráðstafanir verði gjörðar, sem með þarf.

4. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um próf í forspjallsvísindum fyrir þá, sem stunda læknisfræði í Reykjavík.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 22. febrm. þ. á., og skrifazt hafði verið á við kirkju- og kennslustjórnina um málið, hefir hans hátígn konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á:

að þeim, sem nema læknisfræði í Reykjavík, verði hér eptir gjört að skyldu; að hlýða á þá fyrirlestra yfir sálarfræði og hugsunarfræði, sem haldnir eru á prestaskólanum þar, og, að af loknu kennsluskeiði, að ganga undir próf í tæðum vísindagreinum;

að kennendur prestaskólans haldi þetta próf undir umsjón biskups, þannig, að kennarinn í forspjallsvísindum reyni þá, sem undir prófið ganga, og hinir tveir kennararnir sè meðdómendur við prófið, og

að nefnd læknisefni verði að minnsta kosti að hafa náð einkunninni vel við próf þetta, til þess að þeim geti leyft að ganga undir burtfararpróf í læknisfræði; þó skuli læknisefni eigi með þessu öðlast hlutdeild í ölmusum prestaskólans, sem eins og hingað til aðeins eru ætlaðar þeim, sem stunda guðfræði á prestaskólanum.